

**Fundargerð 12. fundar
Framkvæmda- og skipulagsráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,
9. júlí 2019 , kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Kristinn Halldórsson, Laufey Erlendsdóttir, Jón Sigurðsson, Pálmi Steinar Guðmundsson, Jón Ben Einarsson og Einar Friðrik Brynjarsson.

Fundargerð ritaði: Jón Ben Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.
Davíð Ásgeirsson boðaði forföll og sat Pálmi Guðmundsson varamaður fundinn í hans stað.

Reynir Þór Ragnarsson boðaði forföll en hvorugur varamanna hans áttu heimangengt á fundinn í hans stað.

1. Deiliskipulag á Keflavíkurfluvelli - öryggissvæði - 1901048

Tillaga að deiliskipulagi öryggissvæðis (B) Keflavíkurflugvallar lagt fram til umsagnar.
Ráðið gerir ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi öryggissvæðis.

2. Deiliskipulag: Iðngarðar: Endurskoðun - 1806201

Vinnslutillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi Iðngarða lögð fram til umfjöllunar
Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

3. Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 - skipulagslýsing til umsagnar - 1907005

Skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2015 vegna úrskurðar og einnig fyrir nýtt deiliskipulag Leiðarenda lagt fram til umsagnar.
Ráðið gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

4. Hólshús - flytja tank á lóð og breyta í geymslu - 1905050

Eigandi Hólshúss óskar eftir að fá að staðsetja stáltank á lóð sinn og nota sem geymslu skv. meðfylgjandi gögnum.
Samþykkt að fela byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi og hafa samráð við lóðarhafa um frágang á nánasta umhverfi.

5. Sjónarhóll 1 - umsókn um lóð - 1905068

Sigurður Hallbjörnsson sækir um lóðina Sjónarhóll 1 undir byggingu einbýlishúss
Samþykkt

6. Náttagi 4 - umsókn um lóð - 1905093

Guðni Björn Kærbo sækir um lóðina Náttaga 4 undir byggingu sumarhúss.
Samþykkt

7. Skagabraut 53 - umsókn um lóð - 1906030

Ingibjörg Anna Gísladóttir sækir um lóðina Skagabraut 53 undir byggingu

12. fundur Framkvæmda- og skipulagsráðs
10.07.2019

einbýlishúss

Samþykkt

8. Suðurnesjabær - Framkvæmdir 2019 - 1902074

Farið yfir stöðu framkvæmda í sveitarfélaginu 2019

Staða framkvæmda í sveitarfélaginu kynnt.

Fundi slitið kl. 18:15.

Einar Jón Pálsson

Kristinn Halldórsson

Laufey Erlendsdóttir

Jón Sigurðsson

Pálmi Steinar Guðmundsson